



Heimili og skóli

Landssamtök foreldra



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI

capacent

Fréttatilkynning

Fyrstu niðurstöður úr SAFT könnun 2013 um netnotkun barna og unglunga

Inngangur

- SAFT ¹ stóð fyrr á árinu 2013 fyrir gerð könnunar á netnotkun barna og unglunga hér á landi. Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um notkun barna og unglunga á netinu og nýta í kjölfarið þær upplýsingar til vitundarvakningar um möguleika netsins og örugga netnotkun barna og unglunga. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á næstu vikum.
 - Meginviðfangsefni SAFT könnunarinnar er að kortleggja notkun barna og unglunga á netinu og öðrum skyldum miðlum. Sambærilegar kannanir undir merkjum SAFT hafa verið gerðar hér á landi árin 2003, 2007 og 2009 og líkt og áður voru nú lagðar spurningar fyrir bæði börn og foreldra. Framkvæmdin í ár var þó með töluvert breyttu sniði frá því áður og niðurstöðurnar því ekki fyllilega samanburðarhæfar við fyrri mælingar á öllum þáttum.
-
- ¹ SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland. SAFT er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og spornar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar. Nánari upplýsingar á www.saft.is.

Framkvæmdalýsing

Lýsing á könnun

Markmið

Að fá upplýsingar um net- og farsímanotkun barna og unglinga auk þess að skoða breytingar frá fyrri mælingum.

Framkvæmdatími

Fyrirlögn: Maí - júní 2013

Net (Börn og foreldrar): 2. júlí - 27. ágúst 2013

Aðferð

Fyrirlögn í skólum: Börn úr 4.-10. bekk í grunnskólum víða um land svöruðu spurningalista í skólastofu

Net: Haft var samband við 1500 foreldra barna á aldrinum 10-16 ára með tölvupósti þar sem þeim var kynnt könnunin með ítarlegum hætti og óskað eftir þátttöku þeirra og barna þeirra. Þeir sem samþykktu þátttöku fyrir sig og barnið fengu sendar með tölvupósti tvær slóðir sem vísuðu annars vegar í foreldrakönnunina og hins vegar í barnakönnunina. Foreldrar sem haft var samband við eru þátttakendur í Viðhorfahópi Capacent Gallup.

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak

Fyrirlögn í skólum

Net - Svör barna

Net - Svör foreldra

585

1500

1500

Svara ekki

60

1071

974

Fjöldi svarenda

525

429


526

Meirihluti íslenskra barna og unglinga skoðar samskiptasíður daglega eða næstum daglega

- Þegar íslensk börn og unglingar voru spurð að því hvað þau geri helst á netinu kom í ljós að 65% skoðuðu samskiptasíður daglega eða næstum daglega á sl. mánuði. Eftir því sem börnin eru eldri því oftar skoða þau samskiptasíður, en rétt rúm 20% barna í 4. bekk skoðuðu samskiptasíður daglega eða næstum daglega á meðan sambærilegt hlutfall barna í 9. og 10. bekk var um 90%.
- 6 af hverjum 10 höfðu horft á myndbönd daglega eða næstum daglega, t.d. á Youtube. Þegar litið er til aldurs kemur í ljós að í kringum helmingur barna í 4.-6. bekk skoða myndbönd, t.d. á Youtube, daglega eða næstum daglega en 76% barna í 10. bekk.
- Um 42% sögðust hafa sent skyndiskilaboð, t.d. á Snapchat, Facebook chat eða Skype chat, og þar hefur aldurinn einnig mikið að segja. Fimmtungur barna í 4. bekk segist senda skyndiskilaboð daglega eða næstum daglega en ríflega helmingur 4. bekkinga segist hins vegar aldrei senda skyndiskilaboð. Þegar horft er til barna á unglingastigi grunnskóla fer hlutfall þeirra sem senda skyndiskilaboð daglega eða næstum daglega hæst upp í rúm 60% hjá börnum í 9. bekk.

Hefur þú gert eitthvað af eftirfarandi á netinu á síðastliðnum mánuði?

- Svör barna og unglinga




Hvað börnin gera á netinu vs það sem foreldrar telja að börn sín gera á netinu

- Þegar svör foreldra eru borin saman við svör barna kemur í ljós að foreldrar vanmeta notkun barna á sumum þáttum en ofmeta á öðrum. Í mörgum tilfellum er mat þeirra á netnotkun þó á pari við svör barnanna.
- Þegar kemur að þáttum eins og að horfa á myndbönd eða hlusta á tónlist, t.d. á Youtube, eru svör barna og foreldra áþekkt. Eins virðast foreldrar hafa ágæta mynd af notkun samskiptasíðna. Rúmlega 77% foreldra svöruðu því til að barnið skoði samskiptasíður á netinu en 82% barna sögðust hafa skoðað samskiptasíður a.m.k. 1 sinni á sl. mánuði.
- Meiri munur er á svörum foreldra og barna þegar kemur að þáttum eins og að skoða fréttasíður en svör barna benda til þess að þau skoði fréttasíður í meira mæli en foreldrar telja.

Hefur þú gert eitthvað af eftirfarandi á netinu á síðastliðnum mánuði? / Að svo miklu leyti sem þú veist til hvers notar barnið netið?

Hlutfall - já




■ Svör barna og unglinga
■ Svör foreldra

Tíðni netnotkunar


- Tæplega 67% íslenskra barna og unglinga sögðust nota netið nokkrum sinnum á dag og 14% einu sinni á dag. Þannig má segja að 81% íslenskra barna og unglinga í 4.- 10. bekk noti netið a.m.k. einu sinni á dag. Þetta hlutfall hefur aukist töluvert frá því árið 2009 en þá sögðust 45,5% nota netið nokkrum sinnum á dag og samtals 66,4% a.m.k. einu sinni á dag.
- Tíðni netnotkunar eykst marktækt með aldri en 40% barna í 4. bekk segjast fara á netið nokkrum sinnum á dag á meðan sambærilegt hlutfall barna í 10. bekk er 88%.

Hversu oft notar þú vanalega netið heima eða annars staðar?



Hversu löngum tíma samtals eyðir þú vanalega á netinu? - Svör barna og unglinga


Á venjulegum virkum degi yfir vetrartímann



Meðaltal klst. á dag

1,8 klst.



Um helgareða í fríum



Meðaltal klst. á dag

2,3 klst.

Hvað varstu gamall/gömul þegar þú notaðir netið í fyrsta sinn? - Svör barna og unglinga



- Að meðaltali eru íslensk börn 6,9 ára þegar þau nota netið í fyrsta sinn og stendur sá aldur í stað frá síðustu mælingu árið 2009 en árið 2003 var meðalaldurinn 8,7 ára. Athygli vekur að eftir því sem svarendur eru yngri því fyrr segjast þeir hafa prófað netið í fyrsta sinn.

- 
- **Nánari upplýsingar um SAFT könnunina veita:**
 - Guðberg K. Jónsson, verkefnisstjóri SAFT (gudberg@saft.is) s. 516 0100
 - Jóna Karen Sverrisdóttir, Capacent Gallup (jona.sverrisdottir@capacent.is) s. 540 1000
 - Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri, Heimili og skóli (hrefna@heimiliogskoli.is) s. 516 0100